

20. fundur Umhverfisnefndar Hrunamannahrepps, kjörtímabilið 2018-2022.

Haldinn mánudaginn 4. apríl 2022 kl. 16:00 í ráðhúsi Hrunamannahrepps.

Mætt: Daði Geir Samúelsson formaður, Valdís Magnúsdóttir og Sigfríð Lárusdóttir.

Einnig sat fundinn Jón Valgeirsson, sveitarstjóri og Jón Eiríksson, starfsmaður umhverfismála.

Dagskrá:

- 1. Innleiðing 4 tunnu kerfis.**
- 2. Loftlagsstefna.**
- 3. Umhverfisverðlaun.**

1. Innleiðing 4 tunnu kerfis.

Inn á fundinn kom Hannes Örn Ólafsson frá Terra í fjarfundi. Búið er að fá tunnur og merkja þær. Innleiðingu þarf að hefja samhliða hirðu á blátunnu. Við innleiðingu verður plast sér og pappi og pappír sér. Smá málmar þurfa að fara uppá gámasvæði eftir breytingar, mega ekki lengur fara í heimilistunnur eins og verið hefur. Stefnt er að innleiðingu um miðjan maí. Tryggja þarf að góð kynning verður á þessum breytingum, bækklingar og íbúafundir eru nauðsynlegir til að innleiðingin gangi vel fyrir sig. Terra ætlar að fara á fullt að undirbúa kynningar efni og nýja hirðuáætlun.

2. Loftlagsstefna.

Sveitarstjóri fór yfir vinnu við loftlagsstefnugerð. Verið að vinna tölfræði og verkefnastjóri var ráðin til að vinna þetta áfram.

3. Umhverfisverðlaun.

Nefndin ræddi umhverfisverðlaunin og hugsanlega kandi data og komast að sameiginlegri niðurstöðu um verðlaunahafa fyrir umhverfisvæðing og umhverfisverðlaun Hrunamannahrepps 2022. Greinargerð fylgir með í sé skjali.

Fundi slitið 18:10